

Ed.

538. Nefndarálit

[180. mál]

um frv. til laga um Seðlabanka Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndin athugaði frumvarp þetta og ræddi það. Stuðningsmenn stjórnarinnar í nefndinni (JP, MJ, ÓB), sem eru meiri hluti, vilja í engu haggá frumvarpinu.

Ég tel frumvarpið óþarft og sum ákvæði þess fráleit.

Ég álit, að nær hefði verið að setja millipinganevnd, kjörna af Alþingi, til þess að endurskoða bankalöggjöfina í heild, samræma hana til frambúðar og koma ódýrari skipan á bankastarfsemi landsins heldur en fleygja inn á Alþingi — eins og ríkisstjórnin hefur nú gert — frumvörpum um fjóra bankana til þess fyrst og fremst að efla pólitíska áhrifaáðstöðu sinna flokka í stjórnnum þessara banka. Geri hver ríkisstjórn þetta eftirleiðis, er hætt við, að bankarnir geti orðið óheillavænlega lausir í rásinni.

Með breytingu, sem gerð var á Landsbankalögunum árið 1957, var bankanum formlega skipt að stjórn og valdi í tvær deildir, seðlabanka og viðskiptabanka. Það telja nú flestir að rétt hafi verið að gera. Samvinna var höfð áfram milli deildanna um starfsmannahald o. fl.

Sú breyting, sem gera á með þessu frumvarpi og kölluð er í greinargerð þess „að stíga skrefið til fulls og breyta Seðlabankanum í sjálfstæða stofnun“, er fremur smávægileg og hefði sannarlega getað beðið, þar til millipinganevnd hefði lokið heildarendurskoðun á löggjöf bankakerfisins.

Formbreytingin er sennilega heldur ekki aðalástæðan fyrir því, að frumvarp þetta er nú fram horið. Talið er, að sá fiskur liggi hér undir steini, að ríkisstjórnin vilji koma þrem mönnum til viðbótar frá sínum flokkum í stjórn Seðlabankans, — fjölga til þess stjórnendum hans úr 5 í 8, — og til þess þarf að breyta lögunum. Einn þessara viðbótarmanna á að vera bankastjóri, svo að bankastjórar Seðlabankans verði þrír, en ekki tveir, eins og nú er.

Þannig vinnur ríkisstjórnin að því að framkvæma sitt ófugmælatal um sparnað á vegum hins opinbera.

Ég tel algerlega óþarft að fjölga bankastjórunum og flyt þess vegna breytingar-
tillögu um, að hinum þriðja verði ekki við bætt.

Ekki hefur þýðingu að ræða frumvarpið í löngu máli, þar sem vitað er, að ríkis-
stjórnin hefur tryggt sér samstöðu um það hjá stuðningsflokkum sínum og áliðið
er þings. Meinlegustu atriðin fyrir almenning vil ég þó nefna og gera breytingar-
tillögur við þau, ef vera mætti, að einhverjum frá stjórnarflokkunum rynni blóð til
réttar skyldu í sambandi við þau.

Fyrsta málsgr. 10. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

„Seðlabankinn hefur með höndum eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða,
innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hveirrar þeirrar stofnunar
annarrar, sem tekur við innstæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi
að mati hans.“

Önnur og þriðja málsgr. 11. gr. eru á þessa leið:

„Seðlabankinn getur ákveðið, að innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein,
skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð, er nemi tilteknum hundraðshluta
af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubinding samkvæmt þessu ákvæði má
þó aldrei vera hærri en 20% af því innstæðufé hjá viðkomandi stofnun, sem ávísá
má á með tékka, en 15% af öðrum innstæðum. Seðlabankinn getur innan þessara
hámarka breytt þessu hlutfalli, þegar ástæða þykir til, en sama hlutfall skal ætíð
gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bund-
inn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnunum
sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem um ræðir í 2.
málsgrein.“

Fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd neðri deildar, Skúli Guðmunds-
son, sýndi ljóslega fram á það í ýtarlegu nefndaráli (þskj. 408), hve þarna er um
ósanngjörn og óskynsamleg ákvæði að ræða, sem jafnvel geta orðið hlægileg, ef
framkvæma á þau á þann hátt, sem þegar hefur verið ákveðið og tilkynnt hefur
verið með bréfum frá Seðlabankanum til innlánsstofnananna, er um ræðir í áður-
nefndri fyrstu málsgr. 10. gr. Ég leyfi mér að skírskota um þetta til nefndarálits
flokksbróður míns, sem birtir þar m. a. orðréttar tilvitnanir í bréf Seðlabankans.

Vegna hinna tilgreindu ákvæða á Seðlabankinn að geta tekið — og ætlar að
taka — umráðarétt af öllum sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga yfir
verulegum hluta þess fjár, sem þar er innistandandi eða verður inn lagt. Féð verður
flutt frá heimastöðvum innlánsstofnananna til bindingar í Seðlabankanum.

Þarna er allt of langt gengið. Það ætti hver maður að geta séð, hvar sem hann er
búsettur á landinu. En allra harðast kemur þetta þó niður á þeim, sem eiga heima fjarri
höfuðborginni, sem féð á að vista í og óneitanlega býður þó upp á meiri lánsfjár-
möguleika en aðrir staðir. Til viðbótar þeim stöðuga fjárflutningi, sem á sér stað
vegna fólksflutninga til Reykjavíkur og nágrennis frá sveitum, þorpum og kaupstöð-
um úti um land, á nú líka að seilast með lagaboði til sparifjár þeirra, sem ekki
flytjast, og fjarlægja það eigendunum, — taka frá byggðum þeirra þetta afl hlut-
anna, sem gera skal þar.

Ég tel móti öllu réttlæti, að lög heimili, að binding þessi og fjárflutningur nái til
allra sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga, hversu lítil fyrirtæki sem það eru,
og þess vegna fráleitt að halda því fram, að þau geti haft skaðleg áhrif á jafnvægi
peningamála hjá þjóðinni.

Innlánsdeildirnar eru ekki útlánastofnanir. Í eðli sínu eru þær sérstakir reikn-
ingar, sem viðskiptamenn samvinnufélaganna leggja sparifé sitt í, til þess sjálfra
sín vegna að greiða fyrir rekstri þessara viðskiptafyrirtækja sinna. Með bindingunni
og brotnámi fjárins eru eigendurnir sjálfir sviptir bæði umráða- og afnotarétti fjárins.

Útlánastarfsemi lítilla sparisjóða getur verið mikilsverð litlu umhverfi, en hennar
getur ekki gætt til röskunar í peningamáli þjóðfélagsins í heild.

Ég flyt þess vegna tillögu um, að bindingarákvæðin taki ekki til minni innlánsstofnana en þeirra, sem hafa yfir innstæðufé að ráða, er nemur 10 milljónum króna eða meira samtals. Allir þingmenn ættu að geta fallizt á þessa breytingartillögu, og ef þingmennirnir, sem búsettir eru í dreifbýlinu, gera það ekki, má telja það sönnun þess, að þeir virða ekki eins og skyldi heimahagana og taka ekki eins og skyldi tillit til aðstöðu fólksins, sem þar dvelst og starfar, því að kunnugleikann á þýðingu sparifjárins í heimabyggðunum getur þá þingmenn ekki skort.

Það væri til mikilla bóta, ef breytingartillagan yrði samþykkt, og þess vegna er hún flutt. Hins vegar tel ég — eins og ég hef að framan getið — frumvarpið svo gallað í heild, að ég legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 19. marz 1961.

Karl Kristjánsson.